

## Fundargerð, ráðgjafahópur um áfangastaða- og markaðsstofu fyrir höfuðborgarsvæðið

### 2. fundur – þriðjudaginn, 12. apríl kl. 12.00-14.00 á Teams.

Mættir: Andri Ómarsson (Hafnarfjarðarbær), Hulda Hauksdóttir (Garðabær), Huguína Ósk Ólafsdóttir (Mosfellsbær), María Björk Óskarsdóttir (Seltjarnarnes), Þórdís Lóa Þórhallsdóttir (Reykjavíkurborg), Þórir Garðarsson (FSH), Rannveig Grétarsdóttir (SAF), Kjartan Sigurðsson (SVP), Páll Björgvin Guðmundsson (SSH), Jón Kjartan Ágústsson (SSH) og Inga Hlín Pálsdóttir (SSH). Fjarverandi: Ármann Kr. Ólafsson (Kópavogur). Gestur á fundinum var: Arnheiður Jóhannsdóttir, Markaðsstofu Norðurlands. Fundarritari: Inga Hlín Pálsdóttir, ráðgjafi

#### Þetta gerðist:

#### Stoðkerfi ferðaþjónustunnar

Inga Hlín fór yfir umhverfi áfangastaða – og markaðsstofa og helstu hagaðila í stjórnkerfinu.

#### Kynning frá Markaðsstofu Norðurlands

Arnheiður, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Norðurlands (MN) fór yfir samstarf Markaðsstofa landshlutanna og starfsemi og stjórnun MN. Glærur eru meðfylgjandi. Í framhaldinu var gefin tími fyrir spurningar. Spurningarnar snéru meðal annars að eftirfarandi:

*Af hverju er lögð áhersla á að MN sé sjálfstæð eining?*

Arnheiður nefndi þar sérstaklega að samtalið fyrir fyrirtækin sé svo gríðarlega mikilvægt og að þetta verði að vera lifandi eining í umhverfi sem geti verið kvíkt að bregðast við.

*Hverjir stýra stofunni og hvað eru margir í stjórn?*

Arnheiður sagði þar frá því að í stjórn sætu 5 aðilar + 2 varamenn sem væru fulltrúar fyrirtækjanna á svæðinu. Frá næsta aðalfundi myndu landshlutasamtökin bætast við í stjórnina með sitthvorn fulltrúann og varamenn – samtals þá 7 aðilar í stjórn og 4 varamenn. Nefndi hún þar sérstaklega að mikilvægt væri að aðilar í stjórn væru fulltrúar sem væru að dekkja allt svæðið.

*Hvað eru aðilar að greiða mikið í MN?*

Arnheiður fór þá inn á að fyrirtækin eru að greiða eftir fjölda starfa frá 49.000-270.000. Sveitarfélögin borga 500 kr per haus. Meiri hluti fjármögnunar MN kemur frá sveitarfélögum og ríkinu. Ásamt því að sótt er í sóknaráætlanir og uppbyggingarsjóði.

*Hvaða góðu ráð geturðu gefið höfuðborgarsvæðinu?*

Arnheiður nefndi þar að viljinn til samstarfs þyrfti að vera ríkjandi ásamt því að hafa vilja til þess að próa samstarfið. Það verði ekki fullmótað á einni nóttu. Ekki byrja of stórt og byrjið á praktískum verkefnum. Aðilar geti ekki verið að detta inn og út úr samstarfinu heldur þurfi að koma að borðinu frá byrjun. Einnig megi aldrei gleyma því að verið sé að vinna með þarfir viðskiptavinanna/ferðamanna – geri svæðið að betri áfangastað. Þetta tvennt: praktísk vinna og þarfir ferðamannsins eigi aldrei að gleymast í þessari vinnu

*Hafa aðrir en ferðaþjónustuaðilar komið að verkefninu?*

Arnheiður nefndi þar að aðrir þjónustuaðilar hefðu verið að sýna áhuga og komið inn en þau hafi ekki verið að sækjast eftir því sérstaklega. Þar má nefna Glerártorg, golfklúbba og skautahöllina. Þau komi inn á sömu forsendum og ferðaþjónustuaðilar.

Annað sem kom fram er að áhugi hefur verið á að skoða aðkomu MN að því að vinna að því að kynna svæðið fyrir væntanlegum íbúum. Ef slíkt verður gert er það ákveðin stefnubreyting en í því liggja þó tækifæri að halda markaðssetningunni á einni hendi fyrir svæðið í heild sinni.

### **Vinnustofa**

Farið var í stutta vinnustofu þar sem hópnum var skipt í tvennt og kjarninn í samstarfinu og ástæður þess að við erum að skoða áfangastaða- og markaðsstofu ræddar. Unnin verður samantekt á send á ráðgjafahópinn.

### **Umræður og næstu skref**

Haldnir verða kynningarfundir og stuttar vinnustofur með þeim aðilum sem komu að vinnunni á vegum Reykjavíkurborgar. Fundirnir verða fjórir og verða haldnir á Teams – vikuna 19. -23. apríl en um 80 manns verður boðið.

Umræður voru hvernig ætti að kynna málið frekar fyrir sveitarstjórnnum og fyrirtækjum til þess að fá áhuga og skilning á málinu. Ferðamálasamtök höfuðborgarsvæðisins munu halda stóran fund í maí þar sem þetta yrði tekið fyrir. Inga Hlín mun síðan heyra í hverjum og einum fulltrúa í sveitarfélaganna í varðandi nálgun þar sem það sé mjög mismunandi eftir sveitarfélögum.